



## Fornleifaskráning í Gaddstaðaei í Rangárvallasýslu



Svavar Níelsson  
2025

Forsíðumyndin sýnir fornleifar nr. 10, tóft í Gaddstaðaei.  
(Horft mót vestri. Ljósm. SN 2025).

## FORNLEIFAFRÆDISTOFAN

© Svavar Níelsson  
Unnið fyrir Þjótanda ehf.  
Mars 2025

### ***Inngangur***

Að beiðni Þjótanda ehf. kannaði Fornleifafræðistofan hugsanlegar fornleifar á deiliskipulagsreit í Gaddstaðaey í Rangárvallasýslu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Deiliskipulagssvæðið er sýnt á mynd 1. Verkið fékk verkefnanúmerið 3401 hjá Minjastofnun Íslands.

Farið var í gegnum ýmsar heimildir svo sem eldri skráningarskýrslur og örnefnaskrá.

Allt svæðið var kannað á vettvangi og fór vettvangsvinna fram þann 10. mars síðastliðinn. Veður var gott á meðan á vettvangsvinnu stóð. Allar fornleifar voru mældar inn með Trimble Juno T41/5 handmælitæki. Byrjað var á næsta lausa númeri í sveitarfélaginu.

Niðurstaða fornleifaskráningarinnar er í töflu 1 auk meðfylgjandi fornleifaskrár og loftmyndar (mynd 1) með staðsetningu fornleifa.

Áður hefur ein fornleifaskráning verið gerð á svæðinu en sú skráning var framkvæmd af Fornleifastofnun Íslands. Við þá skráningu reyndist hinsvegar ekki unnt að komast út í eyjuna og var eyjan skráð samkvæmt munnlegum heimildum.<sup>1</sup> Ein fornleif var skráð sem ekki hefur verið skráð áður.

---

<sup>1</sup> Kristborg Þórsdóttir, 2010, bls. 45.

### ***Sögulegt samhengi Gaddstaða***

Ekki er vitað hvenær Gaddstaðir byggðust fyrst en víst er að um forna jörð er að ræða. Gaddstaða er getið í heimildum frá 1397 og er þá meðal jarða sem nefnd eru í eigu Oddakirkju.<sup>2</sup> Gaddstaðir koma svo aftur fyrir í heimildum frá 1480 um eignir Oddakirkju.<sup>3</sup> Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1704 er þess getið að Halldór Guðmundsson í Odda eigi jörðina til hálfis á móti Arnþóri Brynjólfssyni í Ostvaðsholti á Landi, Ólafi Brynjólfssyni í Þjóðólfshaga í Holtum, Gísli Brynjólfssyni á Hrafnstóftum ásamt systur þeirra Guðbjörgu Brynjólfsdóttur. Ábúandi þá var Gísli Ólafsson.<sup>4</sup> Í Jarðabók Johnsen frá 1847 eru Gaddstaðir sagðir vera í bændaeign og jarðadýrleiki sagður vera 15.<sup>5</sup> Hvergi í þessum heimildum er þó minnst á Gaddstaðaey. Minnst er á Gaddstaðaey í örnefnaskráum um Gaddstaði en þó eru engar haldbærar upplýsingar í þeim sem gefa vísbendingar um fornminjar.<sup>6</sup> Túnakort Gaddstaða gáfu sömuleiðis engar upplýsingar um Gaddstaðaey.

---

<sup>2</sup> *Íslenzkt Fornbréfasafn*, 1897, IV, bls. 69-72.

<sup>3</sup> *Íslenzkt Fornbréfasafn*, 1900-1904, VI, bls. 323-324.

<sup>4</sup> Árni Magnússon og Páll Vídalín, fyrsta bindi, 1913-1917, bls. 266-267.

<sup>5</sup> Johnsen, 1847, bls. 38.

<sup>6</sup> Örnefnaskrá, Gaddstaðir

| Nr. | Teg.     | Fj. | Hættumat    | Hætta    | Ástand | Aldur     | Minjagildi   | Varðveislugild | Friðlýst? | Mótv.           |
|-----|----------|-----|-------------|----------|--------|-----------|--------------|----------------|-----------|-----------------|
| 10  | Tóft     | 1   | Byggingafr. | Lítil    | Ágætt  | 1550-1900 | Töluvert (5) | Töluvert (5)   | Nei       | Rannsókn        |
| 11  | Tóft     | 1   | Byggingafr. | Töluverð | Ágætt  | 1550-1900 | Töluvert (5) | Töluvert (5)   | Nei       | Könnunarskurður |
|     | Samtals: | 2   |             |          |        | Meðaltal: | 5            | 5              |           |                 |

Tafla yfir hinar skráðu fornleifar/minja á hinu fyrirhugaða framkvæmdasvæði. Hér er lagt mat á hættumat vegna fyrirhugaðra framkvæmda sem kunna að fylgja í kjölfarið á deiliskipulaginu. Um viðvarandi hættu á minjunum óviðkomandi hinum fyrirhuguðu framkvæmdum sjá fornleifaskrá.

### ***Skráningin***

Samkvæmt lögum um menningarminjar frá 2012 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar (Lög um menningar-minjar 2012). Þeim má engin, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (21. gr.).


Því eru allar þær fornleifar á könnunarsvæðinu sem og annarsstaðar og eldri eru en 100 ára, friðaðar skv. lögnum.

Friðlýstum fornleifum fylgir 100 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra (22. gr). Engar friðlýstar fornleifar eru í nágrenni rannsóknarsvæðisins. Um friðaðar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði umleikis samkvæmt sömu grein. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nærri fornleifum og taka tillit til eðlis þeirra og þarfa.

Samtals voru 2 fornleifar/minjar skráðar í tengslum við vettvangs-könnunina. Einungis önnur þeirra hefur verið skráð áður.

Af þeim tveimur minjum sem voru skráðar er önnur þeirra talin vera í talsverðri hættu vegna hinna fyrirhuguðu framkvæmda en hin er talin vera í lítilli hættu.

Þegar ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifa eða þær þarf að fjarlægja vegna fyrirhugaðra framkvæmda þarf að grípa til mótvægisáðgerða. Slíkar áðgerðir geta verið allt frá breyttri áætlun um framkvæmdir sem taka tillit til fornleifa (1. kostur), nákvæmari GPS staðsetningu og ljósmyndun að nákvæmri fornleifarannsókn. Leita þarf leyfis Minjastofnunar Íslands ef ekki er hægt að komast hjá raski og stofnunin ákveður rannsóknnaumfangið og setur þá skilmála sem henni kann að þykja nauðsynlegir.



Mynd 1: Loftmynd sýnir staðsetningu minja innan skráningarsvæðisins.

### *Niðurstaða*

Tvær fornleifar fundust. Um aðra þeirra er hægt að staðfesta með vissu að um tóft sé að ræða þar sem það sést í hleðslur í innri veggjum hennar. Hin fornleifin er hugsanleg tóft. Ekki er hægt að staðfesta með vissu að hún sé fornleif nema frekari rannsóknir verði gerðar á henni.

Bent er á að allar minjar sem eldri eru en 100 ára eru friðaðar og þeim fylgir 15 m friðhelgunarsvæði út frá ystu sýnilegum mörkum þeirra. Sjá nánar meðfylgjandi fornleifaskrá. Varast ber að nýta svæðin í kringum fornleifar sem geymslustaði eða brautir fyrir vélar og tæki, eða efnisgeymslur af hverju tagi nema að leyfi Minjastofnunar Íslands komi til með eða án skilmála sem stofnunin kann að setja.

## **Heimildir**

Árni Magnússon og Páll Vídalín. (1913-1917). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. I. bindi. Hið Íslenska Fræðafjelag í Kaupmannahöfn: Kaupmannahöfn.

*Íslenzkt Fornbréfasafn*. (1897). IV. bindi. Hið Íslenska Bókmenntafélag: Kaupmannahöfn.

*Íslenzkt Fornbréfasafn*. (1900-1904). VI. bindi. Hið Íslenska Bókmenntafélag: Reykjavík.

Johnsen, J.. (1847). *Jarðatal á Íslandi: Með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppur og prestaköllum, ágrip úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðgarða á landinu*. Kaupmannahöfn.

Kristborg Þórsdóttir (ritstj.). *Aðalskráning fornleifa í Rangárþingi ytra: Áfangaskýrsla II. II. Bindi*. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík 2010.

*Lög um menningarminjar*. Nr. 80 29. júní 2012.

[minjastofnun.is](http://minjastofnun.is) Minjavefsjá.

*Örnefnaskrá*: Gaddstaðir. Bergsteinn Kristjánsson skrásetti. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn.

*Örnefnaskrá*: Gaddstaðir. Ókunnur skrásetjari. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn.

## **Fylgirit:**

*Fornleifaskrá*: Rangárþing ytra: Nr. 10:1–11:1.

# Fornleifaskrá

8

Auðkenni

10

Sýsla

Rangárvallasýsla

Sveitarfélag

Rangárþing ytra

Núv. sveitarfél.

Minjaheild

Jörð, núverandi

Gaddstaðir

Jörð 1847

Gaddstaðir

verkefnanúmer

3401

minj id

Sérheiti

Undirnr.

Skrásetjari

Svavar Nielsson

Heimsótt.

10.03.2025

GPS Staðsetning

E 430069.2 N 370182.9

Viðmiðun

Isn 93

M.y.s. Skekkja

Tegund

Tóft

Tilgáta/Niðurstaða

Verk

Gaddstaðaey 2025

Fjöldi

1

Hættumat

Hætta

Ástand

Aldur

Í eyði

Tímab. hættumat

Tímab. hætta

Á kort?

Annað

Lítill

Ágætt

1550-1900

Framkvæmdir

Lítill

Minjagildi

Einkunn

Varðveislugildi

Einkunn 2

Friðlýsa?

Friðlýst?

Hvenær

Talsvert

5

Talsvert

5

Nei

Nei

Lega og staðhættir

Stendur á hól við árbakka ytri Rangár.

Heimildir og munnmæli

Kristborg Þórsdóttir (ritstj.). *Aðalskráning fornleifa í Rangárþingi ytra: Áfangaskýrsla II. II. Bindi*. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík 2010.

Lýsing

Tóft

Nokkuð hringlaga tóft sem er mjög greinileg. Innra mál tóftarinnar er um 4-5 m að lengd og 2.5 m að breidd. Þykkt veggja er mest um 2.5 m. Hæð veggja um 0,5-1 m. Tóftin er hlaðin með torfi og grjóti. Dyr snúa mót austri.

Tóftin hefur áður verið skráð af Fornleifastofnun Íslands sem RA-308:023.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Svavar Nielsson

Filma nr./teg. myndar

Samsung Galaxy A41

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi tóftarinnar þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska henni og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Auðkenni

11

Sýsla

Rangárvallasýsla

Sveitarfélag

Rangárþing ytra

Núv. sveitarfél.

Minjaheild

Jörð, núverandi

Gaddstaðir

Jörð 1847

Gaddstaðir

verkefnanúmer

3401

minj id

Sérheiti

Undirnr.

Skrásetjari

Svavar Nielsson

Heimsótt.

10.03.2025

GPS Staðsetning

E 430222.3, N 370390.0

Viðmiðun

Isn 93

M.y.s. Skekkja

Tegund

Tóft

Tilgáta/Niðurstaða

Verk

Gaddstaðaei 2025

Fjöldi

1

Hættumat

Hætta

Ástand

Aldur

Í eyði

Tímab. hættumat

Tímab. hætta

Á kort?

Annað

Lítill

Ágætt

1550-1900

Framkvæmdir

Töluverð

Minjagildi

Einkunn

Varðveislugildi

Einkunn 2

Friðlýsa?

Friðlýst?

Hvenær

Talsvert

5

Talsvert

5

Nei

Nei

Lega og staðhættir

Tóft staðsett skammt frá árbakka á Gaddstaðaei.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Tóft

Hugsanleg tóft. Tóftin er nokkuð hringlaga og um 5 m að lengd og breidd. Vegghæð hennar er mest um 0.5 m. Pykt veggja er um 1-1.8 m. Dyr tóftarinnar virðast snúa mót suðri.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Svavar Nielsson

Filma nr./teg. myndar

Samsung Galaxy A41

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi tóftarinnar þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska henni og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.